

þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar.

V.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001.

Gjört í Reykjavík, 14. janúar 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, frá 13. janúar 1999 til 2. febrúar 1999.

Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.